

Þingfundargerð 19. þings Keilusambands Íslands

2. maí 2012 í íþróttahúsi ÍR, Skógarseli 12, Reykjavík.

1. Þingsetning.

Þórir Ingvarsson formaður KLÍ setti þingið kl. 19:10.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Þórir Ingvarsson tilnefndi Hafstein Pálsson þingforseta og Rögnu Matthíasdóttur þingritara og voru þau samþykkt samhljóða.

3. Kosnar fastanefndir.

Fyrir lágu tillögur um fulltrúa í allar nefndir. Höskuldur Höskuldsson stakk upp á að Bragi Már Bragason bættist við í laga- og leikreglnanefnd og var það samþykkt samhljóða.

Kjörbréfanefnd:

Bjarni Sveinbjörnsson
Guðmundur Kristófersson
Jónína Magnúsdóttir

Fjárhagsnefnd:

Andrés Hreinsson
Valgeir Guðbjartsson
Þórarinn Már Þorbjörnsson

Laga- og leikreglnanefnd:

Gunnar Þór Ásgeirsson
Heiðar Rafn Sverrisson
Ingi Geir Sveinsson
Reynir Þorsteinsson
Bragi Már Bragason

Allsherjarnefnd:

Guðrún Soffía Guðmundsdóttir
Halldóra Ingvarsdóttir
Ólafur Páll Vignisson

Kjörnefnd:

Brynjar Lúðvíksson
Guðmundur Sigurðsson
Sigríður Klemensdóttir

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Þórir Ingvarsson las skýrslu stjórnar. Keilusambandið er 20 ára á þessu ári, verður haldið upp á það í þessum mánuði og kemur forseti Evrópska keilusambandsins til landsins af því tilefni. Norðurlandamót unglunga var haldið hérlendis í vetur og gekk í alla staði mjög vel. Fjölgun var í deildunum og komu Akureyringarnir m.a. þar inn. Hafþór Harðarson hlut bronsverðlaun á Evrópumóti einstaklinga. Mörg verkefni eru framundan hjá ungmenna- og fullorðinslandsliðunum, m.a. Evrópumót og heimsmeistaramót. Nýr keilusalur opnar í Egilshöllinni nú í maí og verður það vonandi til að auka útbreiðslu keilunnar enn frekar. Þetta er síðasta þing Þóris sem formaður KLÍ og þakkaði hann öllum samstarfið í liðnum árum og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar á komandi tímabili.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

Ólafur Páll Vignisson gjaldkeri KLÍ fór yfir ársreikningana, hagnaður ársins var 1.089.724 kr.

Orðið gefið laust, enginn kom með athugasemdir við reikningana og voru þeir samþykktir samhljóða.

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, ávarpaði þingið og flutti kveðjur starfsfólks ÍSÍ. Hann hrósaði Keilusambandinu fyrir greinagóða skýrslu og mjög góðan rekstur, sem hann sagði vera með því betra sem sést innan hreyfingarinnar. Miklar framfarir eru í keilunni og erum við farin að vinna til verðlauna á mótum erlendis. Einnig telur hann það mjög jákvætt að við skulum vera farin að halda Norðurlandamót hér heima. Hann færði Keilusambandinu afmælisóskir frá ÍSÍ í tilefni af 20 ára afmælinu og þakkaði kveðjur sem ÍSÍ fékk á 100 ára afmæli sínu. 20 ár er stuttur tími í sögunni, en jafnframt langur tími. Ólafur sagði mikilvægt að byrja strax að halda utanum sögu sambandsins og safna saman upplýsingum. Hann þakkið Þóri, fráfaramandi formanni, fyrir mjög gott samstarf, sagði hann hafa mætt vel á fundi og gefið mörg góð ráð. Að lokum sæmdi Ólafur Þóri gullmerki ÍSÍ.

Bjarni Sveinbjörnsson tók til máls fyrir hönd kjörbréfanefndar. Mættir voru 15 fulltrúar ÍBR og 5 þingfulltrúar ÍA, enginn fulltrúi frá Íþróttabandalagi Akureyrar. Kjörbréf voru samþykkt samhljóða.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Ólafur Páll Vignisson fór yfir fjárhagsáætlunina - þingskjal nr. 1. Helsta breytingin á milli ára er á skráningargjöldunum. Halda þarf a.m.k. eitt þjálfaranámskeið næsta vetur.

Bragi Már Bragason spurði um hækkun á brautaleigu og er reiknað með að einhver hækkun verði á henni. Þórarinn Már Þorbjörnsson sagði að Rúnar Fjeldsted, eigandi Keiluhallarinnar, ætli að koma og ávarpa þingið. Hann sagði að einhver hækkun verði frá ÍTR til félaganna, sem komi á móti hækkun á brautaleigu.

Fjárhagsáætlun var því næst vísað til nefndar.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.

Lögð var fram tillaga að breytingu á kafla I í lögum Keilusambands Íslands, þingskjal nr. 2 og var henni vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Lögð var fram tillaga að breytingu á reglugerð fyrir aganefnd KLÍ, þingskjal nr. 3 og var henni vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Lögð var fram tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ fyrir dómara, þingskjal nr. 4 og var henni vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Lögð var fram tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ um féлага- og/eða liðaskipti, þingskjal nr. 5 og var henni vísað til laga- og leikreglnanefndar.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

Lögð var fram tillaga um að lögfróðir einstaklingar yfirfari reglur sambandsins, þingskjal nr. 6 og var henni vísað til allsherjarnefndar.

Lögð var fram tillaga um að Keilusambandið komi sér upp hópi eftirlitsmanna sem sjái um dómgæslu í liðakeppni, þingskjal nr. 7 og var henni vísað til allsherjarnefndar.

Þórarinn Már Þorbjörnsson spurði hvort ástæða væri til að breyta þessum reglum á þinginu ef lögfróðir menn færu svo yfir þær síðar. Hafsteinn Pálsson taldi svo vera því lögfræðivinnan væri lengri tíma verkefni og ekki vitað hvenær henni lyki. Þórir Ingvarsson sagðist telja að flestar reglur Keilusambandsins væru mjög góðar, en þurfi þó að fara yfir þær allar og lagfæra eitthvað.

Næst tók Rúnar Fjeldsted, eigandi Keiluhallarinnar, til máls.

Hann sagðist telja að með tilkomu nýs keilusalár í Egilshöll næðum við forskoti á hin Norðurlöndin í keiluheiminum og jafnvel víðar í Evrópu. Hann talaði um að ýmislegt þyrfti að breytast varðandi samstarf salanna og Keilusambandsins. Rifrildi og baknag þyrfti að hætta með öllu. Einn aðili, fulltrúi sambandsins, þurfi að sjá um að panta brautir í húsunum, og þyrftu breytingar að vera í tölvupósti. Spila þurfi aðra hvora viku í hvoru húsi fyrir sig. Skipa þurfi mótstjórn af KLÍ sem sjái um öll samskipti við húsin og halda þurfi fundi með henni a.m.k. einu sinni í mánuði.

Þórir Ingvarsson sagði að við hefðum ekki meira en 10 brautir í húsunum á kvöldi, um helgar hefðum við tíma til kl. 13:00 í stað 12:00 áður. Ef leikið verði heima og heiman þurfi að finna lausn á hvernig því verði komið við.

Þórarinn Már Þorbjörnsson spurði hvort e.t.v. ætti heimavöllur að vera hjá Keiluhöllinni, en ekki í Öskjuhlíð eða Egilshöll. Soffía Guðmundsdóttir spurði hvort það þyrfti kannski að taka út möguleikann á að leika heima og heiman.

Bragi Már Bragason spurði um hækkun á brautaleigu. Rúnar sagði óhjákvæmilega verða hækkun og aðalástæðan væri vegna 80% hækkunar á fasteignagjöldum hjá Keiluhöllinni. Borgin lítur svo á að þetta sé ekki íþróttahús þar sem einstaklingur er skrifaður fyrir húsinu, en ekki íþróttafélag. Hann sagði að þarf af leiðandi yrði 50% afsláttur sem verið hefur til borgarinnar ekki áfram. Það yrði hins vegar gefin út verðskrá til félaganna áður en langt um liði.

Þinghlé og nefndarstörf hófust um kl. 19:00 og stóðu í u.þ.b. 45 mínútur. Í þinghléi voru bornar fram veitingar.

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Soffía Guðmundsdóttir tók til máls fyrir hönd allsherjarnefndar.

Þingskjal 6 - Tillaga um að lögfróðir einstaklingar yfirfari reglur sambandsins. Nefndin var sammála tillögunni. Þeirra hugmynd er að settur verði saman hópur og hverju keilufélagi verði gefinn kostur á að hafa fulltrúa í honum sem hafi góðan skilning á reglunum og að í þessum hópi verði jafnframt 1 – 2 lögfræðimenntaðir einstaklingar. KLÍ skipi formann nefndarinnar. Verkefnunum verði skipt niður í lotur, fyrstu skil verði í september n.k. og svo á tveggja mánaða fresti í framhaldi af því.

Bjarni Sveinbjörnsson sagði að hans skilningur hefði verið sá að eingöngu lögfræðingar endurskoðuðu reglurnar og þeir leituðu til félaganna ef einhverjar upplýsingar vantaði. Soffía benti á að lögfræðikostnaður við svona vinnu væri mjög mikill og mætti gjarnan nota þá lögfræðinga sem væru nú þegar í keilunni. Gunnar Þór Ásgeirsson lagði til að ekki yrðu fleiri en 3 einstaklingar í þessum hópi, ef þeir væru fleiri yrði öll framkvæmd miklu seinvirkari. Bragi Már Bragason sagði að venjan væri að fara yfir og afgreiða á formannafundum það

sem hægt væri, en það sem útaf staði væri svo sett fyrir þing. Ólafur Páll Vignisson benti á að þetta væri nauðsynleg vinna, sagði að nefndin væri samþykkt tillögunni, en ný stjórn KLÍ þyrfti að útfæra hana nánar. Þórir Ingvarsson taldi að gott væri að fá nýja sýn á reglurnar með því að fá lögfræðinga í verkið.

Lagt var til að ný stjórn útfæri tillöguna betur og var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal 7 - Tillaga um að Keilusambandið komi sér upp hópi eftirlitsmanna sem sjái um dómgæslu í liðakeppni. Nefndin var sammála þessari tillögu að mestu leyti. Þau telja að halda þurfi dómaramámskeið og fara að safna í þennan hóp strax. Nefndin benti samt á að ekki mætti með þessu móti fría liðin allri ábyrgð hvað varðaði dómarskyldu og virkja þyrfti dómarnefndina aftur. Nefndin stakk upp á að stjórn KLÍ útfærði þessa tillögu nánar og var það samþykkt samhljóða.

Reynir Þorsteinsson tók til máls fyrir hönd laga- og leikreglnanefndar.

Fyrst var tekið fyrir þingskjal nr. 2 - Tillaga að breytingu á kafla I í lögum Keilusambands Íslands, 5. grein. Nefndin lagði til að þessi breyting yrði samþykkt. Ljóst er að fulltrúum á þingi fjölgi umtalsvert við þessa breytingu, úr 23 í 40 og fannst sumum það orðinn of mikill fjöldi. Ákveðið var að fresta frekari umræðu um þessa tillögu og láta reikna út fulltrúafjölda miðað við mismunandi forsendur.

Þingskjal nr. 2, 8. grein. Nefndin lagði til að breytingin yrði samþykkt og hún var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 3 - Tillaga að breytingu á reglugerð fyrir aganefnd KLÍ. Nefndin telur að bæta þurfi við viðurlagaramma og ramma um sektargreiðslur, en leggur annars til að tillögunni verði vísað til stjórnar og þaðan til formannafundar. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 4 - Tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ fyrir dómara, 4. grein. Nefndin var samþykkt þessum breytingum, en vildi vísa til stjórnar nánari útfærslu á orðalagi í síðustu málsgrein. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 4, 5. grein. Nefndin lagði til að þessari grein yrði vísað til stjórnar og var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 4 samþykkt samhljóða í heild sinni.

Þingskjal nr. 5 - Tillaga að breytingu á reglugerð KLÍ um féлага- og/eða liðaskipti, 3. grein. Nefndin sammála breytingunni. Breyta skal: „sjá í liði e, f og g“ í: „sjá liði e, f og g“. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 5, 4. grein, 2. málsgrein. Nefndin sammála, leggur til að vísa til stjórnar og var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 5, 4. grein, 6. málsgrein. Þarf að breyta: „að annan sannanlegan máta“ í: „eða annan sannanlegan máta“. Lagt til að stjórn útfæri orðalag greinarinnar betur til að fyrirbyggja misskilning. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 5 samþykkt samhljóða í heild sinni.

Þingskjal nr. 2, 5. grein tekin fyrir aftur. Lagt til að breyta þannig að fyrir allt að 20 keppendur koma 3 fulltrúar og síðan tveir fyrir hverja 30 upp í 110 keppendur og þá einn fyrir hverja 40 þar fram yfir. Miðað við núverandi fjölda iðkenda yrðu fulltrúar þá 36 í stað 40. Þessi breyting var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 2 samþykkt samhljóða í heild sinni.

Þórarinn Már Þorbjörnsson tók til máls f.h. fjárhagsnefndar. Nefndin var sammála fjárhagsáætluninni, þingskjal nr. 1 og var hún samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál.

Jónína Magnúsdóttir vakti athygli á mjög góðu unglिंगastarfi og vonast til að sjá mikla fjölgun þar í framtíðinni.

Soffía Guðmundsdóttir tók undir orð Jónínu, þó mætti leggja meiri áherslu á að keila er íþrótt t.d. með tilliti til mataræðis. Þar þurfa öll keilufélögin að hjálpast að og jafnframt þarf að taka þetta upp við rekstraraðila þannig að boðið verði upp á annað en gos og sætindi þegar verið er að keppa.

Bjarni Sveinbjörnsson vakti athygli á að Keiluhöllin hefði alltaf tilbúið vatn í könnum á meðan væri verið að keppa og væri það mjög jákvætt.

Þórir Ingvarsson benti á að það þurfi að setja raunhæf markmið og móta afreksstefnu sambandsins, sem sé í raun skylda að hafa. Það er eitthvað sem stjórn KLÍ þarf að skoða og leggja svo fyrir formannafund.

Reynir Þorsteinsson benti á að laga þyrfti reglur fyrir Íslandsmót unglिंगaliða, þannig að þegar jafntefli komi upp í úrslitaleik verði leikinn bráðabani til að fá úrslit, en ekki að leikurinn falli niður.

Þórarinn Már Þorbjörnsson benti á keilubrautir sem ÍR er með til kynningar í 1. – 3. bekk í grunnskólum.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa í íþróttaping ÍSÍ.

Sigríður Klemensdóttir tók til máls fyrir hönd kjörnefndar.

Þórarinn Már Þorbjörnsson gefur kost á sér sem formaður. Ekki komu fleiri framboð - samþykkt samhljóða.

Sem aðalmenn til tveggja ára gefa Höskuldur Höskuldsson og Heiðar Rafn Sverrisson kost á sér – samþykkt samhljóða.

Sem aðalmaður til eins árs gefur Ingi Geir Sveinsson kost á sér – samþykkt samhljóða.

Sem varamenn til eins árs gefa Linda Hrönn Magnúsdóttir, Karenina Kristín Chiodo og Guðmundur J. Kristófersson kost á sér – samþykkt samhljóða.

Ólafur Páll Vignisson á eftir að sitja eitt ár í viðbót í stjórn.

Varðandi val á fulltrúum og varafulltrúum á íþróttaping ÍSÍ var stungið upp á að vísa því til stjórnar og var það samþykkt samhljóða.

12. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.

Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir en það eru: Guðni Gústafsson og Sírý Hrönn Haraldsdóttir og til vara: Pétur Helgason og Hjalti Ástbjartsson.

Þórir Ingvarsson, fráfarandi formaður, tók til máls, þakkaði stjórn og öðrum fyrir samstarfið undanfarin ár og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar.

13. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.

Lagt var til að þingritari fengi tækifæri til að klára þingfundargerð og var það samþykkt samhljóða.

14. Þingslit.

Hafsteinn Pálsson, þingforseti þakkaði þingfulltrúum fyrir unnin störf og sleit þinginu kl. 21:10.

Þingritari
Ragna Matthíasdóttir.